

Olíufélagið hf.

Ársreikningur 2006

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 15

Olíufélagið hf.
Kennitala 540206-2010
Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar námu rekstrartekjur kr. 24.698,2 millj. á árinu 2006 samanborið við kr. 21.143,5 millj. á árinu 2005 og hagnaður ársins nam kr. 334,5 millj. samanborið við kr. 883,4 millj. árið á undan. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar í lok árs 2006 kr. 24.648,3 millj. samanborið við kr. 11.638,6 millj. árið á undan. Eigið fé í árslok 2006 nam kr. 6.842,4 millj. samanborið við kr. 3.689,3 millj. árið á undan.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Samþykkt hefur verið að sameina rekstur Olíufélagsins hf. við rekstur Bílanaust hf. ásamt dótturfélögum frá ársbyrjun 2007.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Eignaraðild

Í lok árs var einn hluthafi, BNT hf., sem átti allt hlutfé félagsins.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 2.

Stjórn Olíufélagsins hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2007.

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Olíufélagsins hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Olíufélagsins hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 30. mars 2007.

PricewaterhouseCoopers hf.

Gunnar Þór Ásgeirsson
löggiltur endurskoðandi

Jón Gunnsteinn Hjálmarsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2006

Skýr	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Sala	24.136.366.907	20.574.117.700	23.109.676.733	19.704.569.531
Kostnaðarverð seldra vara	(19.056.927.897)	(16.012.050.628)	(18.250.216.028)	(15.244.516.559)
Álagning af vörusölu	5.079.439.010	4.562.067.072	4.859.460.705	4.460.052.972
Aðrar rekstrartekjur	561.819.710	569.400.770	364.942.664	381.067.792
Hreinar rekstrartekjur	5.641.258.720	5.131.467.842	5.224.403.369	4.841.120.764
Sölu og dreifingarkostnaður	2.618.405.967	2.333.933.468	2.618.405.967	2.333.933.468
Annar rekstrarkostnaður	949.785.277	875.532.762	916.488.605	845.532.762
Afskrifaðar tapaðar kröfur	80.000.004	99.999.996	80.000.004	99.999.996
	3.648.191.248	3.309.466.226	3.614.894.576	3.279.466.226
Hagnaður fyrir afskriftir og leigugjöld	1.993.067.472	1.822.001.616	1.609.508.793	1.561.654.538
Leigugjöld	(535.463.161)	(458.988.426)	(535.463.161)	(458.988.426)
Royalty	0	(170.000.000)	0	(170.000.000)
Afskriftir	5 (542.960.586)	(519.722.808)	(285.235.424)	(280.706.310)
Rekstrarhagnaður	914.643.725	673.290.382	788.810.208	651.959.802
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Hreinar fjármunatekjur (- fjármagnsgjöld)	3 (544.486.195)	124.296.832	(288.298.243)	69.160.015
	(544.486.195)	124.296.832	(288.298.243)	69.160.015
Aðrar tekjur (gjöld)	12 (16.414.792)	427.395.992	(16.414.792)	32.876.213
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta	353.742.738	1.224.983.206	484.097.173	753.996.030
Tekjuskattur	10 (65.932.364)	(195.175.634)	(91.810.139)	(135.764.836)
	(65.932.364)	(195.175.634)	(91.810.139)	(135.764.836)
Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta	287.810.374	1.029.807.572	392.287.034	618.231.194
Tekjur af eignahlutum í tengdum félögum				
Tekjur af eignahlutum í tengdum félögum ...	0	0	(57.759.945)	265.124.113
Hlutdeild minnihluta				
Hlutdeild minnihluta	46.716.715	(146.452.265)	0	0
Hagnaður ársins	334.527.089	883.355.307	334.527.089	883.355.307

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	Skýr	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir					
Óefnislegar eignir:					
Viðskiptavild	4	10.165.409.303	0	10.165.409.303	0
		<u>10.165.409.303</u>	<u>0</u>	<u>10.165.409.303</u>	<u>0</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	5	1.812.956.672	1.950.499.543	539.212.776	938.220.655
Skip, vélar, áhöld og tæki		<u>2.782.619.162</u>	<u>2.703.744.039</u>	<u>1.324.463.595</u>	<u>1.297.606.070</u>
		4.595.575.834	4.654.243.582	1.863.676.371	2.235.826.725
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í tengdum félögum	6	0	0	668.343.010	795.915.474
Eignarhlutir í öðrum félögum		48.541.563	41.609.039	47.209.039	41.609.039
Langtímakrafa á móðurfélag		<u>0</u>	<u>800.207.861</u>	<u>0</u>	<u>800.207.861</u>
		48.541.563	841.816.900	715.552.049	1.637.732.374
Fastafjármunir samtals		14.809.526.700	5.496.060.482	12.744.637.723	3.873.559.099
Veltufjármunir					
Vörubirgðir	7	2.712.864.685	2.362.120.893	2.567.160.899	2.274.730.641
Viðskiptakröfur	8	2.626.595.546	2.354.018.579	2.498.702.588	2.177.438.139
Krafa á móðurfélag		2.513.536.613	265.745.963	2.513.536.613	265.745.963
Aðrar skammtímakröfur		419.858.061	604.074.318	414.144.260	600.551.607
Næsta árs afborgun		0	320.083.144	0	320.083.144
Handbært fé		<u>1.565.898.076</u>	<u>236.546.603</u>	<u>1.551.800.240</u>	<u>175.228.572</u>
		9.838.752.981	6.142.589.500	9.545.344.600	5.813.778.066
Eignir samtals		<u><u>24.648.279.681</u></u>	<u><u>11.638.649.982</u></u>	<u><u>22.289.982.323</u></u>	<u><u>9.687.337.165</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eigið fé og skuldir	Skýr	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Eigið fé	9				
Hlutafé		6.300.500.000	17.311.000	6.300.500.000	17.311.000
Lögbundinn varasjóður		33.452.709	2.452.557.421	33.452.709	2.452.557.421
Óráðstafað eigið fé		508.461.861	1.219.474.275	508.461.861	1.219.474.275
		<u>6.842.414.570</u>	<u>3.689.342.696</u>	<u>6.842.414.570</u>	<u>3.689.342.696</u>
Hlutdeild minnihluta					
Hlutdeild minnihluta		523.568.906	617.524.900	0	0
Skuldir					
Víkjandi lán og skuldbindingar :					
Tekjuskattsskuldbinding	10	292.489.675	313.833.346	118.193.527	148.783.388
Aðrar skuldbindingar		28.226.963	25.135.741	28.226.963	25.135.741
		<u>320.716.638</u>	<u>338.969.087</u>	<u>146.420.490</u>	<u>173.919.129</u>
Langtímaskuldir:					
Langtímalán	11	8.355.688.251	2.375.502.901	7.065.559.939	1.323.125.051
		<u>8.355.688.251</u>	<u>2.375.502.901</u>	<u>7.065.559.939</u>	<u>1.323.125.051</u>
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir		2.780.352	0	0	0
Viðskiptaskuldir		964.218.100	523.694.085	812.782.570	374.085.418
Erlend farmalán		2.360.916.964	1.561.394.186	2.360.916.964	1.561.394.186
Skuldir við tengd félög		0	0	42.066.992	191.867.046
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	3.196.111.000	583.390.392	3.115.686.810	529.820.784
Skattar ársins	10	0	124.199.953	0	100.439.077
Aðrar skammtímaskuldir		2.081.864.900	1.824.631.782	1.904.133.988	1.743.343.778
		<u>8.605.891.316</u>	<u>4.617.310.398</u>	<u>8.235.587.324</u>	<u>4.500.950.289</u>
Skuldir samtals		17.282.296.205	7.331.782.386	15.447.567.753	5.997.994.469
Eigið fé og skuldir samtals		<u>24.648.279.681</u>	<u>11.638.649.982</u>	<u>22.289.982.323</u>	<u>9.687.337.165</u>
Aðrar upplýsingar	13				

Sjóðstreymi ársins 2006

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Rekstrarhreyfingar				
Hreint veltufé frá rekstri:				
Hagnaður (tap) ársins	334.527.089	883.355.307	334.527.089	883.355.307
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	542.960.586	519.722.808	285.235.424	280.706.310
Verðhækkun (lækkun) langtímalána	234.837.035	(128.267.741)	2.174.090	(41.054.455)
Tekjuskattskuldbinding	65.773.015	70.975.680	91.810.139	35.325.759
Breyting annarra skuldbindinga	3.091.222	69.660.144	3.091.222	69.660.144
Sölu(hagnaður) tap og niðurfærsla eigna	(26.807.514)	(401.641.707)	(26.689.285)	(38.121.934)
Hlutdeild í afkomu dóttur/hlutdeildarfélags	(46.716.715)	115.452.265	57.759.945	23.875.887
	<u>1.107.664.718</u>	<u>1.129.256.756</u>	<u>747.908.624</u>	<u>1.213.747.018</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:				
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(341.911.628)	(118.804.338)	(387.075.496)	(174.918.864)
Birgðir	(350.743.792)	(308.485.938)	(292.430.258)	(292.766.872)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:				
Skammtímaskuldir	1.112.774.993	640.676.501	1.048.819.009	532.336.619
	<u>420.119.573</u>	<u>213.386.225</u>	<u>369.313.255</u>	<u>64.650.883</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>1.527.784.291</u>	<u>1.342.642.981</u>	<u>1.117.221.879</u>	<u>1.278.397.901</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Keyptar fasteignir	(513.434.908)	(228.879.395)	(355.749.731)	(98.075.440)
Keypt áhöld, vélar og tæki	(517.745.755)	(498.124.895)	(280.320.319)	(299.084.663)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	769.713.739	500.715.884	749.674.248	109.639.502
Langtímakrafa, breyting	0	381.480.526	0	381.480.526
Kaupverð fjáreigna	(5.600.000)	(67.400.000)	(5.600.000)	(67.400.000)
Söluverð fjáreigna	0	168.397.915	0	168.397.915
Krafa á móðurfélag, breyting	(2.513.536.613)	(41.451.761)	(2.513.536.613)	(41.451.761)
Ýmsar fjárfestingahreyfingar	506.510.781	(233.643.865)	517.964.357	(262.543.865)
	<u>(2.274.092.756)</u>	<u>(18.905.591)</u>	<u>(1.887.568.058)</u>	<u>(109.037.786)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Innborgað hlutfé	700.500.000	0	700.500.000	0
Tekin ný langtímalán	2.997.590.716	415.983.326	2.904.838.716	117.619.925
Afborganir langtímalána	(1.519.230.778)	(1.170.061.258)	(1.458.420.869)	(814.911.411)
Greiddur arður	0	(634.181.016)	0	(634.181.016)
Hlutdeild í minnihluta í arði dótturfélags	(103.200.000)	(141.000.000)	0	0
	<u>2.075.659.938</u>	<u>(1.529.258.948)</u>	<u>2.146.917.847</u>	<u>(1.331.472.502)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>1.329.351.473</u>	<u>(205.521.558)</u>	<u>1.376.571.668</u>	<u>(162.112.387)</u>
Handbært fé í byrjun árs	<u>236.546.603</u>	<u>442.068.161</u>	<u>175.228.572</u>	<u>337.340.959</u>
Handbært fé í árslok	<u>1.565.898.076</u>	<u>236.546.603</u>	<u>1.551.800.240</u>	<u>175.228.572</u>
Aðrar upplýsingar				
Greiddir vextir	(620.974.404)		(541.642.374)	
Greiddir skattar	(4.488.603)		0	
Innborgaðar vaxtatekjur	358.239.217		352.740.244	

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Samruni

Á árinu 2006 keypti BNB ehf. allt hlutafé í Olíufélaginu ehf. Í kjölfar kaupanna voru félögin sameinuð. Ársreikningur Olíufélagsins hf. er reikningur sameinaðs félags Olíufélagsins ehf. og BNB ehf.

1.3 Samstæðureikningur

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningnum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

1.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

1.5 Aðrar rekstrartekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjárumnum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.7 Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa BNB ehf. á öllu hlutafé í Olíufélagsins ehf. og samruna þeirra félaga. Hún reiknast sem mismunur á kaupverði og gangvirði þeirra eigna sem fylgdu með í kaupunum. Viðskiptavildin er ekki afskrifuð en hún er metin árlega með tilliti til virðisrýrnunarprófs samanber skýringu 4.

Skýringar

1.8 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir og lóðir	10-50 ár
Skip, vélar, áhöld og tæki	3-12 ár

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaður vegna varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.9 Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

1.10 Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum hlutafélögum eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði.

1.11 Fjármálagerningar

Afleiðusamningar

Afleiðusamningar sem uppfylla ekki skilyrði um áhættuvarnarsamband samkvæmt settum reikningsskilareglum eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar en samningar með neikvæða stöðu eru færðir til skuldar. Breyting á gangvirði slíkra samninga eru færð jafnóðum í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar sem uppfylla skilyrði um áhættuvarnarsamband eru færðir í samræmi við settar reikningsskilareglur, samanber lýsingu í kafla 2 um fjárhagslega áhættustjórnun.

1.12 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2007. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.13 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO).

1.14 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

1.15 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.16 Hlutfé

Kostnaður við útgáfu nýs hlutfjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguðu eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutfjár í tengslum við samruna er færður til lækkunar á kaupverðinu.

Þegar félagið eða dótturfélög kaupa hlutfé í sjálfu sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru eyðilögð eða seld.

1.17 Tekjuskattsskuldbinding

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færast til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á hráolíuverði, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

2.2 Gengisáhætta

Félagið starfar í alþjóðlegu umhverfi og býr því við gengisáhættu vegna erlendra gjaldmiðla. Félagið notar framvirka samninga til þess að verjast sveiflum á öðrum gjaldmiðlum en þeim sem félagið gerir reikningsskil sín í. Áhættunefnd ber ábyrgð á hvaða áhættuvörnum er beitt í hverjum gjaldmiðli og beitir í því skyni lántökum og framvirkum samningum. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2006	2005	2006	2005
Vaxtatekjur	357.297.613	179.184.102	352.740.244	164.700.903
	<u>357.297.613</u>	<u>179.184.102</u>	<u>352.740.244</u>	<u>164.700.903</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(820.299.329)	(242.160.326)	(754.699.306)	(200.259.978)
Gengismunur	(81.484.479)	187.273.056	113.660.819	104.719.090
	<u>(901.783.808)</u>	<u>(54.887.270)</u>	<u>(641.038.487)</u>	<u>(95.540.888)</u>
Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>(544.486.195)</u>	<u>124.296.832</u>	<u>(288.298.243)</u>	<u>69.160.015</u>

4. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild
Bókfært verð í ársbyrjun	0
Áhrif samruna BNB ehf. og Olíufélagsins ehf.	10.165.409.303
Bókfært verð í árslok	<u>10.165.409.303</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Skip, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samstæða			
Stofnverð 1.1	2.573.364.352	4.303.038.824	6.876.403.176
Endurmat ársins	196.018.409	0	196.018.409
Viðbætur ársins	513.434.908	517.745.755	1.031.180.663
Selt og niðurlagt á árinu	<u>(705.016.533)</u>	<u>(33.585.453)</u>	<u>(738.601.986)</u>
	2.577.801.136	4.787.199.126	7.365.000.262
Afskrifað 1.1	622.864.819	1.603.599.023	2.226.463.842
Afskrift ársins	141.979.645	400.980.941	542.960.586
	764.844.464	2.004.579.964	2.769.424.428
Bókfært verð í árslok	<u>1.812.956.672</u>	<u>2.782.619.162</u>	<u>4.595.575.834</u>
Afskriftarhlutföll	0-10%	8-30%	

Skýringar

	Fasteignir og lóðir	Skip, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Móðurfélag			
Stofnverð 1.1	1.083.308.678	2.001.465.905	3.084.774.583
Viðbætur ársins	355.749.731	276.016.082	631.765.813
Selt og niðurlagt á árinu	(705.016.533)	(13.664.191)	(718.680.724)
	<u>734.041.876</u>	<u>2.263.817.796</u>	<u>2.997.859.672</u>
Afskrifað 1.1	145.088.024	703.859.853	848.947.877
Afskrift ársins	49.741.076	235.494.348	285.235.424
	<u>194.829.100</u>	<u>939.354.201</u>	<u>1.134.183.301</u>
Bókfært verð í árslok	<u>539.212.776</u>	<u>1.324.463.595</u>	<u>1.863.676.371</u>
Afskriftarhlutföll	0-10%	8-30%	

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti eigna greinist þannig:

Samstæða	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	1.995.050.169	1.595.769.000	1.812.956.672
Skip, vélar, áhöld og tæki	0	2.206.271.000	2.782.619.162
	<u>1.995.050.169</u>	<u>3.802.040.000</u>	<u>4.595.575.834</u>

Móðurfélag	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	0	0	539.212.776
Skip, vélar, áhöld og tæki	0	761.353.000	1.324.463.595
	<u>0</u>	<u>761.353.000</u>	<u>1.863.676.371</u>

6. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Hlutdeild í afkomu ársins	Bókfært verð í lok árs
Olíudreifing ehf.	60%	<u>666.000.000</u>	<u>(57.759.945)</u>	<u>668.343.010</u>
		<u>666.000.000</u>	<u>(57.759.945)</u>	<u>668.343.010</u>

Skýringar

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Olíustöðin Helguvík ehf., Reykjanesbæ	50,00%	1.000.000	1.524.578
Fjölver ehf., Reykjavík	33,33%	100.000	631.413
Innhaf ehf., Reykjavík	48,00%	240.000	302.421
Samtals hlutdeildarfélög		<u>1.340.000</u>	<u>2.458.412</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Staðarskáli ehf.	27,50%	6.450	21.500.000
Metan hf.	14,91%	7.000.000	7.531.863
EAK ehf.	33,33%	6.000.000	6.000.000
Eignarhlutar í 8 öðrum félögum		6.672.166	11.051.288
Samtals önnur félög		<u>19.678.616</u>	<u>46.083.151</u>
Samtals hlutabréf í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum			<u><u>48.541.563</u></u>

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	Samstæða	Móðurfélag
Eldsneyti	2.054.035.960	2.054.035.960
Aðrar vörur	658.828.725	513.124.939
	<u>2.712.864.685</u>	<u>2.567.160.899</u>

Vátryggingarverð vörubirgða móðurfélagsins er kr. 1.494,6 millj. í árslok 2006. Dótturfélag Olíufélagsins hf., Olíudreifing ehf., tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingaverðmæti.

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Frá fyrra ári	189.049.060	185.049.060
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(107.720.433)	(106.720.433)
Framlag í afskriftareikning	80.000.004	80.000.004
	<u>161.328.631</u>	<u>158.328.631</u>

Skýringar

9. Eigið fé

Hlutfé

Á árinu var innborgað hlutfé félagsins við sameiningu BNB ehf. og Olúfélagsins ehf. kr. 6.300,5 millj. og er það í samræmi við samþykktir félagsins og opinberar skráningar. Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði. Í lok árs voru engir eigin hlutir í eigu félagsins.

Lögbundinn varasjóður

Lagt var í lögbundinn varasjóð 10% af hagnaði ársins í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé Endurmatsreikn.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun 2006	17.311.000	2.452.557.421		1.219.474.276	3.689.342.697
Færslur vegna samruna	5.582.689.000	(2.452.557.421)		(1.097.074.276)	2.033.057.303
Hlutfjárhækkun	700.500.000				700.500.000
Lr.orlofsskuldbinding ODR ehf.				(11.453.576)	(11.453.576)
Endurmat eigna ODR ehf.			96.441.057		96.441.057
Hagnaður ársins				334.527.089	334.527.089
Tillag í lögb. varasjóð		33.452.709		(33.452.709)	0
Staða í árslok 2006	<u>6.300.500.000</u>	<u>33.452.709</u>	<u>96.441.057</u>	<u>412.020.804</u>	<u>6.842.414.570</u>

10. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	313.833.346	148.783.388
Áhrif vegna samruna	(122.400.000)	(122.400.000)
Leiðrétting skuldbindingar v/orlofsskuldbindingar ODR ehf.	(159.349)	0
Sérstakt endurmat ODR ehf.	35.283.314	0
Reiknaður tekjuskattur	65.932.364	91.810.139
	<u>292.489.675</u>	<u>118.193.527</u>

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Samstæða	Móðurfélag
Varanlegir rekstrarfjármunir	296.350.817	95.095.122
Viðskiptakröfur	(4.585.872)	(4.585.872)
Vörubirgðir	23.625.766	23.625.766
Hlutabréfaeign	10.071.914	12.566.292
Aðrir liðir	(32.972.950)	(8.507.781)
	<u>292.489.675</u>	<u>118.193.527</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir

	Samstæða	Móðurfélag
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Í USD	1.069.474.241	745.833.384
Í GBP	15.851.445	0
Í JPY	1.560.446.941	1.437.420.143
Í CHF	969.769.386	695.067.521
Í EUR	<u>2.707.524.374</u>	<u>2.074.192.837</u>
	<u>6.323.066.387</u>	<u>4.952.513.885</u>
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir	<u>5.228.732.864</u>	<u>5.228.732.864</u>
	<u>5.228.732.864</u>	<u>5.228.732.864</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>11.551.799.251</u>	<u>10.181.246.749</u>
Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2006 greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2007	3.196.111.000	3.115.686.810
Árið 2008	289.106.549	206.560.303
Árið 2009	289.106.549	206.560.303
Árið 2010	929.691.070	206.560.303
Árið 2011	5.461.409.879	5.421.077.544
Síðar	<u>1.386.374.204</u>	<u>1.027.801.486</u>
	<u>11.551.799.251</u>	<u>10.184.246.749</u>

Langtímaskuldir samstæðunnar samtals kr. 11.551.799.251 og móðurfélagsins samtals kr. 10.184.246.749, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2007, færðar meðal skammtímaskulda	3.196.111.000	3.115.686.810
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	<u>8.355.688.251</u>	<u>7.068.559.939</u>
	<u>11.551.799.251</u>	<u>10.184.246.749</u>

12. Aðrar tekjur og gjöld

	2006	2005
Söluhagnaður (tap) eigna	17.033.642	358.371.003
Annað	<u>(33.448.434)</u>	<u>69.024.989</u>
	<u>(16.414.792)</u>	<u>427.395.992</u>

13. Önnur mál

Í kjölfar kaupa BNB ehf. á öllu hlutafé í Olíufélaginu ehf. voru félögin sameinuð ásamt fasteignafélagi Bílanaust hf. Hinu sameinaða félagi hefur verið skipt upp í tvö aðskilin félög, Olíufélagið hf. og Umtak fasteignafélag ehf.

Á árinu 2007 verða tekin upp alþjóðleg reikningsskil hjá Olíufélaginu hf.